Sjálfsmatsskýrsla

Haust 2024 – Vor 2025

Lokið við skýrslu í október 2025
Hjördís Skírnisdóttir og Hlíf Gylfadóttir

1. Inngangur 3
1.1 Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess 3
2. Innra mat 3
2.1 Nemendaígildi og brottfall nemenda á milli anna 4
2.2 Mat á skólastarfi 7
2.2.1 Skólapúlsinn 7
2.2.2 Stofnun ársins 7
2.3 Áfangamat 7
2.4 Skólafundir 2024 - 2025 9
2.5 Uppgjörsfundir 9
2.6 Mat fyrrverandi nemenda 10
3. Ytra mat 10
3.1 Skipurit skólans 10
4. Lokaorð 11

1. Inngangur

Boðið er upp á þrjár stúdentsbrautir í FAS. Það eru hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Við skólann eru einnig framhaldsskólabraut og starfsbraut og hefur umfang þessara brauta aukist undanfarin ár. Auk alls þessa er boðið upp á 60 eininga sérhæft fjallamennskunám við skólann, með möguleika til frekari sérhæfingar.

FAS er fámennur, landfræðilega einangraður skóli. Nemendur vinna gjarnan með skóla, ekki síst í störfum tengdum ferðaþjónustu. Þessi skóli er mjög mikilvægur fyrir fyrir byggðarlagið vegna landfræðilegrar legu sveitarfélagsins. Kennarahópurinn hefur fjölbreyttan bakgrunn og menntun sem nýtist skólanum vel.

1.1 Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess

Sjálfsmatskerfi FAS byggir meðal annars á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi og skólanámskrá. Hér fyrir neðan er að finna í töflu verk- og framkvæmdaáætlun sem nær til vorsins 2027.

VERK- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN FAS 2022 TIL 2027

Matsþættir	H22	V23	H23	V24	H24	V25	H25	V26	H26	V27
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda				X	X			X	X	
Mat á skólastarfi		X		X		X		X		X
Mat fyrrv. nemenda				X		X				
Skólafundur		X	X	X	X		X	X	X	X
Umhverfismál		X		X		X		X		X
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Uppgjörsfundir	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Eins og sést á ofangreindri töflu er það tímabil sem er efni þessarar sjálfsmatsskýrslu, haustönn 2024 og vorönn 2025 merktar gulbrúnum reitum.

2. Innra mat

Með innra mati er átt við það ferli sem hver skóli framkvæmir til að meta og bæta eigið starf. Hluti af þessu sjálfsmati skólans er skoðað hvernig starfsemin gengur, hvort markmiðum sé náð og hvernig megi bæta gæði kennslu og námsumhverfis.


Það eru margir aðilir sem koma að matinu, t.d. starfsfólk, nemendur (núverandi og fyrrverandi) og stundum foreldrar eða samstarfsaðilar. Eins og sést í verk- og framkvæmdaáætlun eru mismunandi þættir

skoðaðir frá ári til árs. Einn af grunnþáttum matsins byggir á fjölda nemenda hverju sinni. Í næstu köflum verður farið nánar yfir matið.

2.1 Nemendaígildi og brottfall nemenda á milli anna

Í fyrri sjálfsmatsskýrslum er gerð ítarlega grein fyrir þróun nemendaígilda, brottfalls og einkunna í FAS frá hausti 2021 til vors 2024.


Á haustönn 2021 fjölgaði fjallamennskunemendum mjög mikið og má áætla að Covid hafi eitthvað um það að segja. Á næstu önnum var fjöldi nemenda takmarkaður, þ.e. hámark var sett á innritun nýrra nemenda í fjallamennskunáminu. Virðist síðan, sem nokkurt jafnvægi hafi náðst á þeim önnum sem sjálfsmat þessarar skýrslu nær til.



Mynd 1. Nemendaígildi við FAS eftir önnum.

Það ber að hafa í huga að eftir Covid urðu þær breytingar að nemendum í fjallanámi gafst kostur á að taka færri einingar á önn. Í stað þess að klára grunnnámið í fjallamennsku á tveimur önnum þá var hægt að fá því deilt niður á fjórar annir. Með þessu móti fækkar einingafjölda per nemenda á hverri önn og því er viss skekkja í því að notast við 30 eininga viðmið við útreikning nemendaígilda.


Þá hefur fjölgun nemenda á framhaldsskólabraut og á starfsbraut sömu áhrif því flestir nemendur á þessum brautum taka færri en 30 einingar á önn.



Mynd 2. Brottfall í FAS frá vorönn 2024 til og með vorannar 2025.


Brottfall í FAS var á vorönn 2024 í sögulegu lágmarki og því kannski ekki óeðlilegt að sú tala hækki á ný.

Enn á ný stunda flestir nemendur nám í fjallamennsku. Á næstu tveimur myndum koma fram breytingar á fjölda nemenda eftir brautum á haustönn 2024 annars vegar og vorönn 2025 hins vegar.



Mynd 3. Fjöldi nemenda á brautum við upphaf og lok haustannar 2024.

Þegar fjöldi nemenda er skoðaður sést að stærsti hópurinn við skólann er í fjallamennskunámi. Kjörnámsbraut er stærst af stúdentsbrautum. Sú braut hefur tvær megináherslur. Annars vegar eru það nemendur sem hafa ákveðnar áherslur í námi, s.s. íþróttir eða listir. Hins vegar eru það nemendur sem hafa ekki eins skýra sýn á framtíðina. Þeir nemendur sem hafa íþróttir eða listir sem sérhæfingu falla síður brott á kjörnámsbraut.



Mynd 4. Fjöldi nemenda á brautum við upphaf og lok vorannar 2025.

Nokkuð brottfall er á flestum brautum en flestir nemendur hverfa af framhaldsskólabraut. Þeir nemendur virðast eiga það sameiginlegt að hafa ekki mætt í upphafi vorannar 2025. Þeir tóku vinnumarkaðinn fram yfir skólann.

Eins og sjá má eru fjarnemendur mun fleiri á vorönn 2025 en það skýrist af því að FAS kenndi námskeið í landvörslu í fyrsta sinn. 18 nemendur í hópi fjarnemenda eru nemendur sem tóku eingöngu landvörslu námskeið og 14 nemendur í fjallamennskunni tóku einnig landvörslu námskeiðið með fjallamennskunáminu.

Síðast liðið vor útskrifuðust 19 stúdentar frá FAS sem er óvenju stór hópur. Nokkrir í þeim hópi höfðu fyrr fallið úr námi en komu á síðasta skólaári til að ljúka stúdentsprófi. Að auki útskrifaðist fyrsti nemandinn af endurhannaðri starfsbraut.

2.2 Mat á skólastarfi

Til að hægt sé að meta skólastarf er víða leitað fanga. Nemendur og starfsmenn eru fegnir til að taka ýmsar kannanir og svara spurningum og út frá því er reynt að leggja mat á skólastarfið. Að auki eru nýttar aðrar upplýsingar s.s. áfangamat, skólafundir og uppgjörsfundir sem haldnir eru í lok hverrar annar.

2.2.1 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er könnunartæki sem notað er í skólum á Íslandi til að safna upplýsingum um líðan, viðhorf og upplifun nemenda (og stundum kennara eða foreldra). Fyrirtækið Skólapúlsinn ehf útbýr könnunina en skólinn leggur hana fyrir. Á skólaárinu 2024 – 2025 var hvorki lagður fyrir Nemendapúls eða Starfsmannapúls sem er miður.

Hins vegar var á vorönn 2024 lög fyrir könnun sem kallaðist „Íslenska æskulýðsrannsóknin“ og var sú könnun framkvæmd af Menntavísindasviði Háskóla Íslands fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið. Niðurstöður úr þessari könnun bárust á haustönn 2024 og þær niðurstöður teljast ómarktækar í ljósi þess hve fáir tóku þátt. Finna þarf leið til að auka þátttöku nemenda í svona könnunum því þær gefa nauðsynlegar upplýsingar fyrir skólann.
Á vorönn 2024 var einnig lagður fyrir Skólapúls og niðurstöður hans voru birtar í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs.

2.2.2 Stofnun ársins


Á haustönn tóku kennarar og aðrir starfsmenn þátt í könnuninni „Stofnun ársins 2024“. Tilgangur hennar er að efla starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Niðurstöður könnunarinnar liggja til grundvallar á vali á Stofnun ársins. Þá veitir könnunin miklar upplýsingar sem nýtast stjórnendum til að vinna að úrbótum í stjórnun, samskiptum og starfsumhverfi.

Að þessu sinni tóku fimmtán kennarar þátt en töluvert fleiri kennarar störfuðu við skólann þegar könnunin var lögð fyrir. Því ber að taka niðurstöðum með nokkrum fyrirvara. Þegar þær eru skoðaðar er ljóst að margt þarf að bæta. Upplifun starfsmanna er ekki nægilega jákvæð og umbótaáætlun er nauðsynleg. Nánari greining leiðir í ljós að starfsfólk er sátt við vinnuaðstöðuna og sveigjanleika í starfi. Þá eru þátttakendur nokkuð ánægðir með launakjör sín. En þegar kemur að þáttum eins og stjórnun, starfsanda og ímynd stofnunar er staða FAS töluvert lakari en viðmiðunarstofnana. Þá þarf að bæta úr og byggja upp traust starfsmanna og samfélagsins til skólans.


2.3 Áfangamat

Áfangamat var lagt fyrir á haustönn 2024. Eins og fyrr voru nemendur í fjallamennskunámi undanþegnir áfangamatinu.


Þrjár spurningar voru lagðar fyrir hópinn í heild þar sem haka átti í fyrirfram gefin svör og út frá þeim svörum verða þessar myndir. Eins og sjá má þá er ekki um að ræða einstaka áfanga heldur þá áfanga sem kenndir eru við skólann og eru svörin meðaltalssvör fyrir alla áfanga í heildina.



Mynd 5. Spurning eitt úr áfangamati.



Mynd 6. Spurning tvö úr áfangamati .



Mynd 7. Spurning þrjú úr áfangamati.

Þegar áfangamat var lagt fyrir nemendur hafði verið samskiptavandamál á milli nemenda og kennara í ákveðnum áfanga sem var fjölmennur. Þó þá þegar hafi verið reynt að bregðast við til úrbóta má gera ráð fyrir að niðurstöður úr áfangamati séu nokkuð litaðar af þessum tiltekna áfanga.

Nemendur fengu einnig tækifæri til að skrifa nokkur orð um það sem þeim fannst gott og það sem mátti vera betra í áfanganum. Voru þau beðin um að hafa í huga kennsluna, álagið, verkefnin og námsefnið. Í skrifum nemenda komu fram nöfn kennara sem og áfanga sem fengu annað hvort slæma útreið eða hrós. Oft á tíðum var ekki mikið á bakvið skrifin og gagnrýni ekki hnitmiðuð.

2.4 Skólafundir 2024 - 2025

Ekki voru haldnir sérstakir skólafundir á skólaárinu en FAS tekur þátt í verkefninu „HeimaHöfn“ sem Nýheimar þekkingarsetur stendur fyrir ásamt Sveitarfélaginu Hornafirði. Það er þriggja ára verkefni sem felur í sér náið samstarf með ungu fólki, fulltrúum úr atvinnulífinu, skólum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Unnið verður að miðlun upplýsinga um fjölbreytt tækifæri til menntunar og atvinnu á svæðinu. Á þessu fyrsta ári verkefnisins tóku nemendur FAS þátt í vinnustofum þar sem verkefnið var kynnt og nemendur fengu að láta hugmyndir sínar og skoðanir í ljós. Á vísindadögum í FAS var haldið „starfatorg“ þar sem flest þau störf sem eru unnin í sveitarfélaginu voru kynnt, enda áhersla „HeimaHafnar“ á þessu fyrsta ári að miðla upplýsingum um nám og störf í sveitarfélaginu. Nokkrum sinnum á skólaárinu var farið í heimsóknir á vinnustaði í sveitarfélaginu.

2.5 Uppgjörsfundir

Uppgjörsfundur haustannar var haldinn 19. desember 2024. Á þeim fundi var fjallað um stöðu skólans. Fjárhagsstaða skólans er ekki góð og ástæðan er að námið í fjallamennsku hefur ekki verið samþykkt hjá ráðuneyti og hefur verið rekið hingað til af rekstrarfé skólans. Skólanum hefur verið úthlutað tengilið frá menntamálaráðuneyti til fara yfir allar fjárhagslegar skuldbindingar skólans.

Uppgjörsfundur vorannar var haldinn 26.05.2025. Þar var umfjöllun um umbótamat fyrirferðarmikið í tengslum við niðurstöður á stofnun ársins. Kennarar unnu í hópum að „SVÓT“ greiningu. Skólameistari ætlar að vinna betur úr þeim gögnum og koma með tillögu að umbótum.

Einnig var fjallað um skólabrag. Mikilvægt er að samræma reglur og allir gangi í takt.

2.6 Mat fyrrverandi nemenda


Mat fyrrverandi nemenda var ekki lagt fyrir á skólaárinu 2024 – 2025.

3. Ytra mat

Er lagt fyrir á fjögurra ára fresti og á þessu skólaári var það ekki lagt fyrir.

3.1 Skipurit skólans

Hér fyrir neðan má sjá skipurit skólans uppfært í samræmi við umbótamat síðasta árs.



Mynd 8. Nýtt skipurit skólans frá haustönn 2023.

4. Lokaorð

Skóli er stofnun sem er í sífelldri þróun. Þegar litið er yfir þessa skýrslu er ljóst að staðan gæti verið betri. Á móti kemur að uppbyggingin er hafin. Nýtt námsskipulag er komið til framkvæmda og nýir og öflugir kennarar hafa bæst í hópinn. Starfmannahópurinn ætlar að vera samstíga í því að efla skólann og byggja upp jákvæðari ímynd og samskipti við samfélagið.

4.1 Umbótamat FAS 2025-2027

Síðast uppfært 11.10. 2025	Umbótaþættir	Markmið	Leiðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Matsaðferð	Aðgerðir metnar
Innra starf-1.							
1.1	**Ný námsskrá**	Skilvirkni í námi fyrir nemendur og aukin gæði náms.	Mæla og bera saman gamalt og nýtt.	3 ár.	Stjórnenda-teymi	Skoðana-könnun til nemenda sem þekkja bæði kerfi.	Í lok hvers skólaárs.
1.2	**Breyttur skólabragur og vinnuandi í kennara-hópnum**	Að vinnugleði sé ríkjandi og skólabragur sé góður.	SVÓT greining og eftirfylgni með greiningu. Verkáætlun, handbók aðgerða. Skipa ábyrgðarmann verkáætlunar.	Alltaf í gangi. Samt sérstök eftirfylgni frá vori 25 til vors 26.	Stjórnenda-teymi og ábyrgðaraðili verkáætlunar.	Kannanir innan stofnunar.	Vor 26.
1.3	**Ímynd stofnunar**	Að bæta ímynd stofnunar.	Aukið samstarf við Grunnskóla Hornafjarðar og samfélagið. Skýr ábyrgð.	Er alltaf í gangi.	Allir starfsmenn og stjórnendur.	Viðhorfs-kannanir hjá aðstandendum.	Á hverju vori.

1.4	**Samskipti innanhúss**	Að öllum líði vel í vinnunni.	Markþjálfun og samfélags-sáttmáli FAS.	Vor 26.	Skólameistari.	Hvað segja starfsmenn? (könnun).	Í lok haust-annar 25 og í lok vorannar 26.
1.5	**Innra mat - sjálfsmat**	Þátttaka allra þeirra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu.	Standa á faglegan hátt að sjálfsmati. Umbótaáætlun fylgi sjálfsmats-skýrslu og niðurstöður kannana.	H25-H26	Skólameistari og aðstoðar-skólameistari	Samanburður milli ára	Ytra mat
Nemendur-2.							
2.1	**Nýtt brautar-skipulag og námsframboð**	Að einfalda námið fyrir nemendur.	Uppsetning nýrra brauta og kennsla eftir þeim frá hausti 25.	Þrjú ár.	Skólameistari, áfangastjóri.	Fjöldi nemenda sem klára nám.	Á hverju vori, 2028 ítarlegt mat.
2.2	**Bættur skólabragur**	Breytt viðhorf til skólans.	1. Þema á skólafundi 2. Vinna með NEMFAS.	Ágúst - desember 26.	Kennarar og stjórnendur.	Niðurstaða skólafundar og tengd könnun í lok annar.	Á uppgjörsfundi haustannar 2026.
2.3	**Virðingarrík samskipti**	Bættur skóla-bragur og áhugi.	Hvetja og hrósa.	Ágúst - desember 26.	Kennarar og stjórnendur.	Kannanir lagðar fyrir kennara og nemendur.	Á uppgjörsfundi haustannar 2026.

Áríðandi verkefni-3.							
3.1	**Auka fagþróun.**	Þátttaka og virkni. Skólaþróunar-teymi.	Utanaðkomandi námskeið og leiðbeiningar fyrir kennara.	Allt skólaárið 26-27.	Skóla-stjórnendur.	Könnun á starfsdögum kennara að vori.	Vor 27.
3.2	**Samskipti starfsmanna innan stofnunar**	Virðum mörk hvors annars og komum fram við samstarfsfólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.	Utanaðkomandi námskeið og samtal á faggreina-fundum.	Allt skólaárið 26-27.	Skóla-stjórnendur.	Spurninga-könnun til kennara.	Á uppgjörsfundi 2027
3.3	**Markviss úthlutun verkefna**	Skýrleiki í starfsemi stofnunarinnar.	Skýr verk-áætlun.	Allt skólaárið 26-27.	Skóla-stjórnendur.	Spurninga-könnun til kennara.	Á uppgjörsfundi 2027
3.4	**Byggja upp traust samfélagsins til stofnunar**	Að samfélagið beri traust til skólans.	Samstarf við grunnskóla og kynning á skólanum. Koma á fót starfsnámi í samvinnu við atvinnulífið.	Allt skólaárið 26-27.	Skóla-stjórnendur og náms- og starfsráðgjafi.	Könnun hjá starfsfólki og nemendum.	Á uppgjörsfundi 2027.

Þetta skjal er áætlun um umbótamat fyrir árin 2025 – 2027. Þessi áætlun er unnin til að uppfylla viðmið 41.gr. laga nr. 92 frá 2008 um innra mat framhaldsskóla. Minnt er á að þessi áætlun um umbótamat er lifandi skjal og verður endurbætt eftir þörfum.